



Sálfræðiþjónusta á vegum skólaþjónustu Húnabyggðar

Öllum beiðnum um frumgreiningu (t.d. grunur um einhverfu og ADHD) er vísað til skólasálfræðings sem Húnabyggð er með samning við. Skólasálfræðingur sér um frumúrvinnslu og vísar málum áfram ef þarf.

Öllum beiðnum um sálfræðiaðstoð og viðtalsmeðferð er vísað til HSN til vinnslu þar og sér skólahjúkrunarfræðingur um frumvinnslu þeirra mála í samráði við skólann og foreldra, <https://island.is/s/hsn/salfelagsleg-thjonusta>

- Foreldrum barna á aldrinum 5-12 ára sem glíma við kvíðavanda er líka bent á FLIKK, úrræði á vegum HR, <https://foreldri.flikk.is/#!/>.
- Foreldrum barna á aldrinum 12-18 ára með tilfinningalegan vanda er líka bent á ráðgjöf sem veitt er hjá Bergið headspace, <https://www.bergid.is/>
- Einnig er foreldrum bent á Litlu kvíðameðferðarstöðina, <https://www.litlakms.is/>
- Ef um alvarlegan bráðan geðrænan vanda er að ræða skal leita til Bráðamóttöku sjúkráðsins á Akureyri þar sem öll bráðaþjónusta fer fram, <https://island.is/s/hsn/salfelagsleg-thjonusta>

Ef talin er þörf á inngripi meðan barn bíður eftir viðtalsmeðferð á HSN má vísa málum til sjálfstætt starfandi sálfræðings á vegum skólaþjónustu Húnabyggðar. Barn fær úthlutað að hámarki 3 klukkutímum (6x30 mín) sem skólaþjónusta greiðir en eftir það taka foreldrar við og greiða, ef þörf er talin á lengri meðferð. Foreldrar hafa fullan rétt á að afþakka frekari þjónustu eða leita annað. Ákvörðun um úthlutaðan tímafjölda er tekin á nemendaverndarráðsfundi og skóli upplýsir foreldra um vinnslu málsins og kemur foreldrum í samband við sálfræðing.

Sálfræðingur er í samskiptum við foreldra, bæði í upphafi meðferðar og eins þegar úthlutaðum tímum er lokið og sameiginleg ákvörðun um áframhaldandi vinnu er tekin. Í boði er að sálfræðiviðtöl fari fram á skólatíma í gegnum fjarfundabúnað (Kara Connect) og starfsmaður í skóla aðstoði við að tengjast. Viðtöl geta líka farið fram utan skólatíma eða á stofu hjá sálfræðingi, í samráði við sálfræðinginn, en þá er ferðakostnaður á eigin vegum.

Til að komast að í viðtalsmeðferð hjá sálfræðingi:

- Fjölskylduaðstæður og breytingar á fjölskylduhögum (veikindi, skilnaður, flutningar)
- Vanlíðan (félagsleg einangrun, tilfinningavandi, samskiptavandi, einelti, grunur um sjálfsskaða...)
- Hegðunarvandi / mótþrói (birtist bæði heima og í skóla)
- Áföll

Þessar reglur gilda frá 1. janúar 2026.